

# Reikningsskilaráð ríkisins

10. fundur – 5. júlí 2017 kl. 09:00

## FUNDARGERÐ

Allir ráðsmenn voru mættir ásamt ríkisendurskoðanda nema Anna Birgitta Geirfinnsdóttir sem boðaði forföll.

Í forföllum Kristins Hjartar Jónassonar ritaði Margrét Björk Svavarsdóttir fundargerð.

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 9. fundar var samþykkt.

**2. Svar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (ANR) varðandi breytingu á lögum um ársreikninga.** Fjallað var um svar ANR þar sem fram kemur að það telur ekki unnt að verða við ósk um að bæta inn í lög um ársreikninga tilvísun í IPSAS staðlana. Er sú afstaða einkum byggð á sjónarmiði fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra sem telur varhugavert að blanda saman reikningsskilum sem gilda um starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni og reikningsskilareglum um opinberan rekstur.

Ríkisendurskoðandi lagði fram minnisblað þar sem fjallað er um viðbrögð ANR og efasemdir um niðurstöðu þess. Jafnframt er þar lögð áhersla á nauðsyn þess að fá samþykktu slíka lagabreytingu, ef ekki við ársreikningalög þá við lög um opinber fjármál. Slík lagabreyting sé forsenda þess að unnt verði að setja upp stofnefnahagsreikninga fyrir ríkisaðila í A-hluta í samræmi við anda laganna um opinber fjármál nr. 123/2015.

Ákveðið var að reikningsskilaráð sendi fjármála- og efnahagsráðuneytinu bréf þess efnis að ekki sé fallist á niðurstöðu ANR. Í 1. tl. 1. gr. ársreikningalaga er m.a. kveðið á um að lögín nái til sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur en almennt gilda ekki hagnaðarsjónarmið um slíka starfsemi. Þá telur reikningsskilaráð ríkisins allrar athygli vert að ANR skuli leita eftir álitu fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra en ekki reikningsskilaráðs sem starfar á grundvelli ársreikningalaga.

Í bréfinu þarf að vekja athygli á þeim skamma tíma sem er til stefnu við gerð stofnefnahagsreikninga og almennt við innleiðingu reikningsskilastöðlunum í reikningshaldi ríkissjóðs. Mikilvægt er að lausn málsins sé hraðað. Ákjósanlegasta leiðin var talin að fá samþykktu tiltölulega einfalda breytingu á ársreikningalögum. Í ljósi viðbragða ANR og þröngs tímaramma sýnist óhjákvæmilegt að huga að nauðsynlegum breytingum á lögum um opinber fjármál.

**3. Ríkisreikningur 2016**

Fjárslustjóri lagði fram minnisblað og fór yfir mikilvæga þætti varðandi afkomu ríkissjóðs árið 2016. Þar kom m.a. fram að viðamiklir þættir sem höfðu áhrif á afkomu ríkissjóðs umfram hefðbundinn rekstur voru gjaldfærð framlög vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum, niðurfærsla á eignarhlutum og stöðugleikaeignir.

**4. Stofnefnahagsreikningar**

Fjárslustjóri fór yfir stöðu verkefnisins. Fram kom að mikið verk hefur þegar verið unnið, en jafnframt að töluverð vinna óunnin og bíður haustmánuða. Af 200 ríkisstofnunum er þegar búið að stilla upp 140 stofnunum í eignaskrá. Vinna stendur yfir við verðmat fasteigna og jarða ríkisins auk innviðafjárfestinga eins og vegakerfisins. Stefnt er að því að stofnefnahagsreikningar allra ríkisaðila í A-hluta liggi fyrir um næstu áramót. Á næsta fundi reikningsskilaráðs verða lögð fram drög að stofnefnahagsreikningum til kynningar.

**5. Hugmyndir af verkefnum til vinnuhópa.**

**a) Flokkun tekna varðandi skiptingu milli ríkissjóðs og ríkisstofnana**

Lögð voru fram tvö yfirlit, þ.e. yfir markaðar tekjur og yfir aðrar tekjur byggð á ríkisreikningi 2015. Yfirlitin innihalda tillögur sérstaks vinnuhóps um meðferð þessara tekna m.t.t. hvort þær skuli bókfærast hjá viðkomandi stofnun eða hjá ríkissjóði. Lagt var til að tekjuhópi reikningsskilaráðs yrði falið að fara yfir flokkun teknanna samkvæmt reikningsskilastöðlum m.a. með tilliti til athugasemda frá ráðuneytum. Lykilatriðið er hvort umræddar tekjur séu kostnaðartengdar hjá stofnunum og snúa slíkar athugasemdir einkum að því hvort tekjurnar eigi að færast hjá ríkissjóði eða stofnun. Tillagan var samþykkt.

**b) Flokkun ríkisaðila**

Ákveðið var að fela efnahagshópi reikningsskilaráð að fara sérstaklega yfir flokkun Orkusjóðs í B-hluta og flokkun Viðlagatryggingar Íslands í C-hluta út frá stöðli GFS.

Formanni var falið að setja upp drög að erindi fyrir vinnuhópana. Að fengnum athugasemdum ráðsmanna við drögin verða erindin send á vinnuhópana.

#### **6. Skuldbindingar vegna almannatrygginga**

Hagstofustjóri skýrði frá því að samkvæmt ESA 2010 eru gerðar kröfur til að skuldbindingar vegna almannatrygginga (ellilífeyris) séu innifaldar í þjóhagsreikningum. Samkvæmt Eurostat eiga EES-ríkin að meta þessar skuldbindingar á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn ekki síðar en í árslok 2017 fyrir árið 2015. Áformað er að birta þessar upplýsingar fyrir öll ríki Evrópu í febrúar 2018.

Samkvæmt IPSAS þarf mjög sennilega að birta sambærilegar skuldbindingar í reikningsskilum ríkisins.

Mikilvægt er að Hagstofan, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Fjársýslan og Ríkisendurskoðun samræmi sjónarmið og hafi samvinnu um aðferðafræði við mat á þessum skuldbindingum. Stefnt að því að ná þessir aðilar fjalli sameiginlega um málið í ágústmánuði. Hagstofustjóri mun send ráðsmönnum gögn um málið á milli funda.

#### **7. Önnur mál**

*a) Mánaðaryfirlit apríl og maí.* Stefnt er að birtingu á vef Fjársýslunnar (*fjs.is*) síðar í dag.

*b) Næsti fundur ráðsins.* Ákveðinn miðvikudaginn 6. september nk. kl. 9:00.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl: 10.34.